

# ÖRYGGISNEFND

Á síðasta landsþingi LH var samþykkt ályktun um að setja á stofn öryggisnefnd. Í nefndina voru kjörnir Friðrik Pálsson formaður, Þórir B. Kolbeinsson heilsugæslulæknir og Gunnar Sturluson hæstaréttarlögmaður. Á vordögum 2007 gekk Friðrik úr nefndinni og í hans stað kom inn Elsa Albertsdóttir doktorsnemi við LBHÍ og tók Gunnar við formennsku. Jafnframt hefur Haraldur Þórarinsson formaður LH unnið náið með nefndinni.

## 1. Fundir og fræðsla

Frá því að núverandi nefnd tók við störfum hafa verið haldnir 12 fundir, en að auki hafa verið haldnir nokkrir óformlegir fundir á vegum nefndarinnar. Hefur nefndin og einstakir nefndarmenn fundað með hagsmunaaðilum, s.s. tryggingarfélagum, hestamannafélögum, ráðuneytum, bæjaryfirvöldum, auk þess að sækja fundi um öryggismál.

Gunnar Sturluson mætti á formannafund LH 2007 og gerði grein fyrir störfum nefndarinnar, einnig mætti hann og hélt fyrirlestur á þingi um skipulags- og öryggismál hestamanna á Akureyri sem LH og hestamannafélagið Léttir stóðu fyrir.

Þórir B. Kolbeinsson hélt fyrirlestur um öryggismál bæði á fundi hestamannafélaga á Suðurlandi og á knapafundi á Landsmóti 2008. Þórir flutti einnig fyrirlestur á alþjóðlegu mænuskaðþingi um hestaslys á Íslandi júní 2007.

Elsa Albertsdóttir kom að undirbúningi skipulagningu og kennslu á námskeiði sem haldið var á Hvanneyri á vegum LBHÍ í samstarfi við VÍS og LH um öryggismál í hestamennsku þann 8. apríl sl. Talsverð þátttaka var á námskeiðinu og er stefnt að því að halda fleiri námskeið.

## 2. Útgáfumál

Efnt var til samstarfs við Vátryggingafélag Íslands hf. um útgáfu á bæklingi um öryggismál hestamanna, ætlaður öllum, en þó aðallega byrjendum. Var hann settur í almenna dreifingu í gegnum skrifstofur VÍS og aðildarfélag LH. Tókst þetta samstarf með ágætum.

## 3. Áherslupættir í störfum nefndarinnar

Nefndin tók strax þá stefnu að freista þess að virkja hagsmunaaðila um öryggismál og vekja að auki almenning til vitundar um öryggismál hestamanna. Var Vátryggingafélag Íslands hf. fengið til samstarfs, en að auki var rætt við verslunareigendur sem selja hestavörur, lækna, ÍSÍ og fleiri.

Nefndin freistaði þess að skilgreina áherslupætti í sambandi við öryggi hestamanna og þeirra sem umgangast hross.

### Helstu áhersluatriðin voru:

- Fræðsla
- Markmiðssetning, umræður um öryggismál og leiðir til eflingar öryggis
- Rætt sérstaklega um hjálmanotkun í tilefni umræðu í kjölfar alvarlegra slysa
- Upplýsingasöfnun
- Tillögugerð og efnt til samstarfs við aðra

- Ákveðið að vinna að eftirfarandi atriðum til að byrja með:
  - Efla öryggi
    - Upplýsingar um öryggismál þarf að setja fram á jákvæðan og uppbyggilegan hátt
    - Virkja fólk og vekja það til umhugsunar
    - Miðla upplýsingum um öryggismál með útgáfustarfi
    - Stuðla að því að öryggisbúnaður verði aðgengilegur
  - Sækjast eftir samvinnu og þátttöku hagsmunaaðila
    - Fá hestamannafélög til að taka öryggismál til umræðu á sínum vettvangi
    - Rætt við ÍSÍ
  - Fara varlega af stað
    - Forðast að stofna til átaka um öryggismál, virkja frekar vitund og áhuga hins almenna hestamanns

Segja má að störf nefndarinnar hafi farið vel af stað, vel hefur gengið að koma umfjöllun af stað um öryggismál í fjölmiðlum, fulltrúar nefndarinnar hafa komið fram í fréttu- og umræðuþáttum um öryggismál með þeim árangri að heilmikil aukning hefur orðið í áhuga á eflingu öryggis á meðal hestamanna.

Nefndin hefur greint stöðuna og lagt fram eftirfarandi vinnupunkta:

#### **Bæta þarf skráningu slysa**

- Skráning og upplýsingar hafa verið ófullnægjandi á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum.
  - Á við um slys tengd hestamennsku
  - Aðeins alvarleg slys og bótakröfuslys eru skráð
  - Nefndin beitti sér fyrir að tekin yrðu upp NOMESCO tölvuskráning
    - The Nordic Medico-Statistical Committee (samnorrænt slysaskráningarkerfi)
  - Landlæknir hefur sent bréf til heilbrigðisstofnana um að þessari slysaskráningu yrði beitt

#### **Eru hestaslys hérlendis frábrugðin því sem gerist í öðrum löndum?**

- Skiptir stærð íslenska hestsins þar máli?
- Er hestamennskan og þátttaka hins almenna áhugamanns um hesta frábrugðin? Meira útivistarsport hér en keppnisþrótt erlendis?
- Er skipulögð fræðsla og kennsla frábrugðin
  - Minni ?
  - Er aðeins til takmarkað efni um öryggi á hestum? Nefndin hefur staðið að úrbótum á því sviði.
  - Reiðsvæði með öðrum hætti hér.

#### **Tryggingamál hafa verið rædd við VÍS og Sjóvá og athygli vakin á stöðu mála**

- Staða almanna- og einkatrygginga
  - Hver er tryggður, hvernig og hvenær?
  - Nauðsynlegt að hvetja fólk til að kanna stöðu sína

- Tölfræði - áhættumat vantar
  - Áhugamenn
  - Atvinnumenn
  - Við keppni og hestaleigu
- Er einhver hvatning í tryggingarkerfinu? t.d. lægri iðgjöld
  - með betri kunnáttu og áhættuminni hegðun?

### Rannsóknarnefnd á slysum

- Þarf sérstaka Rannsóknarnefnd til að rannsaka alvarleg slys ?
  - líkt og er til staðar fyrir bíla, flugvélar, skip...?
- Slík nefnd þyrfti að styðjast við skýr lög og reglugerðir
- Tengsl/samvinna við Íþróttasamband Íslands?
  - Málið hefur verið rætt við forseta ÍSí sem sýndi þessu áhuga

### Skipulagsmál

Fundað með ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti og þar farið á leit að sett yrði á stofn nefnd sem mundi meta þörf á reglugerð um skipulagningu hesthúsa í þéttbýli. Staðið fyrir ráðstefnu um skipulags- og öryggismál á Akureyri.

### Fræðslumál

Nefndin hefur lagt áherslu á nauðsyn fræðslustarfs á meðal hestamanna um öryggismál og umgengni við hross. Hefur hún kannað framboð á erlendu kennsluefni og komið ábendingum á framfæri við stjórn LH og aðra hagsmunaaðila s.s. tryggingafélögin.

Ábendingum komið á framfæri um nauðsyn á fræðslu til ungra ökumanna um hesta í umferðinni.

## 4. Greining á öryggismálum

Öryggismálum hestamanna mætti skipta upp í þrjú megin svið:

- Knapinn
- Umhverfið
- Hesturinn

### Knapinn

- Staða almennrar kunnáttu um hesta og reiðmennsku
  - Umgengni við hesta, reiðtygi og annan búnað
  - Nauðsynlegt að auka reiðkennslu, sérstaklega fyrir byrjendur
    - Eru t.d. fullorðnir nógu duglegir að sækja sér kennslu
    - Framboð á námskeiðum er að aukast verulega, m.a. með tilkomu nýrra námskeiða á Hvanneyri
    - Er nauðsynlegt að gera sérstakar kröfur um menntun til þeirra sem starfrækja reiðskóla og hestaleigur til að stuðla að lágmarksöryggi? Samræma þeim kröfum sem þegar eru gerðar til íþróttþjálfara sem vinna í gegnum aðildarfélög ÍSí. Í öðrum íþróttagreinum þurfa þjálfarar að hafa grunnmenntun í fagi
- Líkamsástand knapa
  - Eru margir í lélegri þjálfun – jafnvægi ábótavant?

- Búnaður
  - Hvað er öryggisbúnaður/öryggisstaðlar?
  - Hnakkar, reiðskór, ístöð, taumar, endurskinsmerki o.s.frv.
  - Reiðhjálmar
    - Taldir alveg nauðsynlegur öryggisbúnaður, ekkert hefur komið fram sem styður fullyrðingar um að hjálmar valdi aukinni hættu á hálsáverkum
    - Ending, staðlar, lögun, stærð, vörn gegn hálsáverkum
    - Mikilvægt að hvetja til notkun á hjálmum
  - Endurskinsmerkingar
  - Fatnaður – efni, sérstök öryggisvesti eru komin fram á markaðnum og sala á þeim hafin. Þörf á átaki í notkun á vestunum. Stuðningur Sjóvár við reiðskóla í Reykjavík til fyrirmyndar, en Sjóvá afhenti öllum börnum sem sækja reiðnámskeið á vegum Fáks vesti.

### Umhverfið

- Meira um opin og óvarin reiðsvæði á Íslandi?
  - minna afgirt
  - minna um tré sem afmarka reiðgötur
- Staðsetning reiðvega oft samhliða þjóðvegum
  - Mikil og hröð umferð
- Unnið hefur verið skipulega að því að breyta þeim á vegum reiðveganefndar LH
- Reiðvegir nýttir af vélknúnum ökutækjum, gæludýraeigendum og vegfarendum sem allt getur fælt hesta
- Skipulagning hesthúsahverfa
  - Nálægð við byggð og aukin umferð í kringum þau
  - Nauðsyn þess að við heildarskipulag á aðliggjandi svæðum verði tekið tillit til hesta og hestamanna.
  - Nauðsyn á því að til staðar séu reglugerðir um skipulagningu á hesthúsahverfum, t.d. um hávaða, heimilaða starfsemi í nágrenni við hesthúsahverfi, umferð o.fl.

### Hesturinn

- Er tamning og þjálfun hrossa fullnægjandi?
  - Er þörf viðhaldsþjálfunar vanmetin?
  - Er staðið rétt að fóðrun miðað við þjálfun og líkamsástand reiðhesta?
- Hvaða áherslur eru í ræktun og tamningu hrossa?
- Er hægt að stuðla að samræmi á milli getu knapa og val hans á hesti?
- Er þörf á flokkun/prófi, einhvers konar vottun?
  - Til að hjálpa við mat áhugamanna á hestum
  - Finna “réttu” hestinn
  - Hugmyndir hafa komið fram um stöðumat á hestum
    - Staðfesting á grunnatriðum í tamningu og stjórnun á hesti. Staðreyna að hestur kunni og svari helstu ábendingum knapa
    - Efna mætti til samstarfs við Landbúnaðarháskóla Íslands eða Hólaskóla um þróun á slíku prófi
      - Landbúnaðarháskóli Íslands býður upp á margvísleg námskeið sem m.a. kenna fólki að meta hross og finna hlutverk hrossa

- Stöðumat gæti aukið sölumöguleika og verðmæti hrossa og gæti því verið áhugavert verkefni fyrir Félag hrossabænda og FT
- Verðugt verkefni að koma á fót óháðum vottunar/skoðunar aðila
- Mætti hugsa sér að koma upp þrautabraut fyrir hesta þar sem hægt yrði að prófa hesta við mismunandi aðstæður

### Niðurstöður Öryggisnefndar LH

- Þurfum víðtæka samvinnu allra sem koma að ræktun, tamningu, fræðslu og notkun um öryggi
- Þarf að safna upplýsingum um öryggismál
  - Innanlands sem erlendis
  - Ákveða hvaða stöðlum og ráðleggingum við eigum að fylgja - hvers vegna?
- Þurfum að semja leiðbeiningar og fræðslufni
  - Mikið til af útgefnu efni til t.d. í Svíþjóð um öryggismál. Athugandi að fá það þýtt og staðfært.
  - Koma upplýsingum á framfæri við hestamenn og almenning um árstíðabundin áhersluatriði sem örugga ástundun hestamennsku
    - birta í fjölmiðlum, blöðum, bæklingum og á vefnum
- Efna þarf til rannsókna um slys í hestamennsku
  - Verðugt verkefni fyrir nemendur í háskóla, t.d. heilbrigðisstéttir og nemendur í hestatengdu námi
- Gera þarf úttekt á stöðu váttrygginga hestamanna við slys
- Koma þarf af stað hugmyndavinnu um inntak og framkvæmd á stöðumati fyrir knapa og hesta

Reykjavík, 2. október 2008

Gunnar Sturluson, formaður  
 Þórir Björn Kolbeinsson  
 Elsa Albertsdóttir  
 Haraldur Þórarinsson